

Reglur varðandi ástundun og aðgerðir verði misbrestur á

1. Nemandi byrjar með ástundunareinkunnina 10 við upphaf skólaárs.
2. Óheimil fjarvist og óstundvísi gefa ákveðinn fjölda punkta sem segir til um ástundunareinkunn við lok annar.

Punktur eru gefnir sem hér segir:

1. Óheimil fjarvist í kennslustund gefur 4 punkta.
2. Að mæta of seint gefur 1 punkt. Komi nemandi 20 mínútum of seint eða meira fær hann fjarvist fyrir kennslustundina.

Punktur á skólaönn

Punktur	Einkunn	Punktur	Einkunn
0-2	10	19-20	5,5
3-4	9,5	21-22	5,0
5-6	9,0	23-24	4,5
7-8	8,5	25-26	4,0
9-10	8,0	27-28	3,5
11-12	7,5	29-30	3,0
13-14	7,0	31-32	2,5
15-16	6,5	33-34	2,0
17-18	6,0	35-36	1,5
		37 og fleiri	1,0

Umsjónarkennari upplýsir nemanda /foreldra vikulega um punktastöðu þeirra með því að senda ástundun til foreldra í gegnum Mentor.is. Ef nemandi/foreldri gera ekki strax athugasemdir við ástundunarfræsluna skoðast hún samþykkt.

- Ef nemandi er kominn með 10 punkta eða einkunnina 8 ræðir umsjónarkennari við nemandann og gerir athugasemd þegar ástundun er send heim.
- Ef nemandi er kominn með 14 punkta eða einkunnina 7 er hringt í foreldra/forráðamenn og þeir upplýstir og lausna leitað.
- Ef nemandir er kominn með 18 punkta eða einkunnina 6 eru foreldrar boðaðir til fundar með umsjónarkennara og stórnenda þar sem í sameiningu er leitað að leiðum til úrbóta og gert samkomulag sem allir aðilar undirrita.
- Ef nemandi fær 22 punkta og er kominn með einkunnina 4 er málinu vísað í nemendaverndarráð skólans sem tekur ákvörðun um frekari úrræði. Niðurstaða skráð í Mentor.

Hækkun á ástundunareinkunn

Einu sinni í mánuði getur nemandi, með samþykki foreldra, sótt um hækkun ástundunareinkunnar til umsjónarkennara. Nemandi fær þá eyðublað sem fylla á út og getur hann óskað eftir að fá ástundunareinkunnina hækkaða um 0,5 fyrir hverjar tvær vikur sem enginn punktur hefur verið skráður.